

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli:

Fyrir hvern mínútulítra á ári	20.400,00	(23.256,00) kr.
-------------------------------------	-----------	-----------------

Fyrir hvern mínútulítra á dag	55,89	(63,72) kr.
-------------------------------------	-------	-------------

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn:

Til húshitunar	57,25	(65,27) kr. pr. tonn
----------------------	-------	-----------------------

Til annarra nota	57,25	(71,28) kr. pr. tonn
------------------------	-------	-----------------------

Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar..	31,50	(39,22) kr. pr. tonn
---	-------	-----------------------

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að 3/4"	300,00	(342,00/ 373,50) kr.
--	--------	-----------------------

kr. pr. dag	9,8630	(11,24/ 12,28) kr.
-------------------	--------	---------------------

b) Fyrir mæla eða hemla 1" - 2"	600,00	(684,00/ 747,00) kr.
---------------------------------------	--------	-----------------------

kr. pr. dag	19,7260	(22,49/ 24,56) kr.
-------------------	---------	---------------------

c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	1.200,00	(1.368,00/ 1.494,00) kr.
--	----------	---------------------------

kr. pr. dag	39,4520	(44,98/ 49,12) kr.
-------------------	---------	---------------------

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

*Rúmmál húss**utanmál (m³)**Heimæðargjald*

Allt að 400	kr. 100.000,00 (114.000,00)		
400- 2000	kr. 100.000,00 (114.000,00)	fyrir	400 m³ + 81,60 (93,02) kr./m³ þar yfir.
2000- 6000	kr. 230.600,00 (262.884,00)	fyrir	2000 m³ + 67,10 (76,50) kr./m³ þar yfir.
6000-10000	kr. 499.000,00 (568.860,00)	fyrir	6000 m³ + 59,40 (67,72) kr./m³ þar yfir.
Yfir 10000	kr. 736.500,00 (839.610,00)	fyrir	10000 m³ + 51,65 (58,88) kr./m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða 12.400,00 (14.136,00) kr.
í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga og einnig er heimilt að veita lengri gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, 3.000,00 (3.420,00) kr. hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, hita-gjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf., sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 646, 22. ágúst 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. september 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.